

Ásta Möller og Haukur Arnþórsson:

Opinn aðgangur að nýrri þekkingu

Útdráttur: Til að íslensk fræðitímarit njóti viðurkenningar þurfa þau að uppfylla ströng skilyrði um fagleg vinnubrögð og gefa út og dreifa efni sínu á netinu.

Ný þekking verður einkum til við rannsóknir. Til að hún geti haft áhrif þarf að miðla henni og oftast kemur hún fyrir almenningssjónir í formi fræðigreina.

Aðgangur að fræðigreinum hefur breyst mikið á síðustu árum. Þær voru lengi vel eingöngu birtar í prentaðri útgáfu sem stofnanir eða einstaklingar keyptu áskrift að. Aðstaða til dreifingar þeirra stórbatnaði með tilkomu netsins, en aðgangur að þeim í því formi er þó iðulega gegn greiðslu, oft hárrí greiðslu. Af þeim sökum hefur aðgangur fræðimanna, fjölmiðlafólks og almennings að nýjum fræðigreinum verið takmörkunum háður og ný þekking dreifist hægar en ella. Þetta hægir ekki aðeins á framförum heldur er órökrétt því með gjaldfærslu aðgangs má halda því fram að almenningur greiði tvisvar fyrir sömu rannsóknir þar sem stór hluti vísindastarfs er kostaður af almannafé.

Staða Íslendinga er reyndar betri en flestra annarra þjóða þar sem íslenska ríkið hefur frá árinu 1999 keypt landsaðgang að öllum helstu gagnasöfnum og tímaritum fyrir notendur íslenska netsins.

Opinn aðgangur

Sem andsvar við takmörkunum á miðlun nýrrar þekkingar í almannabágu hafa margir útgefendur og höfundar opnað aðgang (stýtt í OA) að útgáfuefni sínu á netinu og áskilið sér frjálsan dreifingarrétt á því. Þeir útgefendur hafa með sér samtök, OAPSA (Open Access Scholarly Publishers Association) og er útgáfa tímarita þeirra háð ákveðnum viðmiðunum frá Creative Commons um opinn aðgang.

Til marks um þessa þróun þá lýsti Harvardháskóli því yfir vorið 2012 að hann hefði tekið upp stefnu um opinn aðgang að fræðilegu efni þar sem hann hefði ekki lengur fjárhagslegt bolmagn til að kaupa aðgang að vísindatímaritum. Þess má geta að ársáskrift stofnana að einu tímariti getur verið um 650 þúsund íslenskar krónur og einstaklinga um 50 þús. Þá hafa ríkisstjórnir vestrænna ríkja og ESB gert opinn aðgang að fræðilegri þekkingu að forgangsmáli og setja hann sem skilyrði fyrir styrkjum til vísindarannsókna.

Staðan hérlendis

Á vegum ESB var gerður svokallaður Berlínarsáttmáli um opinn aðgang á árinu 2003 og hafa Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn og Vísinda- og tækniráð gerst aðilar að honum. Háskólinn á Bifröst styður opinn aðgang og Háskóli Íslands kynnir innan tíðar stefnu fyrir

starfsfólk sitt varðandi opin aðgang, en nokkur ár eru síðan aðgangur að rannsóknum nemenda var opnaður.

Í nýrri grein eftir Ian Watson og Guðmund Á. Þórisson, The Icelandic Open Access Barometer, sem birtist í tímaritinu Samtíð (<http://www.samtid.is>) kemur fram að rúmlega 50 fræðileg tímarit eru gefin út á Íslandi. Þriðjungur þeirra er í opnum aðgangi, annar þriðjungur er með aðgangstöf, þ.e. greinar birtast í opnum aðgangi nokkrum mánuðum til 2 árum eftir birtingu þeirra í prentuðu formi og þriðjungur tímarita er einvörðungu dreift í prentuðu formi með áskriftum. Hér á landi er starfandi grasrótahópur um opinn aðgang og rekur hann vefinn <http://opinnadgangur.is>.

Tímaritið Stjórnsmál og stjórnsýsla

Tímaritið Stjórnsmál og stjórnsýsla (e. Icelandic Review of Politics and Administration, IRPA) er gefið út af Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála sem starfar innan Stjórnsmálafræðideildar Háskóla Íslands. Tímaritið hóf útgáfu á árinu 2005 og hefur frá upphafi birt greinar í opnum aðgangi á netinu. Að því leyti er það frumkvöðull eða meðal frumkvöðla í hópi íslenskra fræðitímarita. Jafnframt eru fræðigreinar þess árlega gefnar út í bókaformi í áskrift sem bæði styður útgáfuna fjárhagslega og mætir varðveislusjónarmiðum.

Yfirstandandi er umbreyting á starfsháttum tímaritsins sem miðar m.a. að auknu öryggi og sjálfvirkni við tvíblinda ritryni fræðigreina. Í því skyni var á s.l. ári tekið í notkun tölvukerfið OJS (Open Journal Systems). Það er jafnframt birtingar- og varðveislukerfi og auðveldar dreifingu greina í alþjóðlega gagnabanka. Nánar er fjallað um þetta frumkvæði í grein Hauks Arnþórssonar, *Útgáfa fræðigreina á netinu*, í nýjasta hefti tímaritsins (<http://www.irpa.is>).

Sameiginlegt átak

Útgáfa íslenskra fræðitímarita er á krossgötum. Til að efni sem þau birta fái viðurkenningu innan fræðasamfélagsins þurfa þau að uppfylla ströng skilyrði um fagleg vinnubrögð, auk þess sem krafa er gerð um að þau hafi fengið skráningu í alþjóðlega gagnagrunna. Í því efni er staða íslenskra tímarita mismunandi.

Flest íslensk fræðitímarit eru smá í sniðum en jafnan gefin út af miklum faglegum metnaði. Þau eru flest rekin af litlum eignum og treysta á sjálfböðavinnu ritnefnda, ritryna og annarra sem koma að útgáfunni. Umhverfi vefútgáfu er hins vegar flókið og kröfurnar til útgefenda svo miklar að erfitt getur verið fyrir mörg tímarit að mæta þeim.

Það er skoðun höfunda að mikilvægt sé að stofna hér á landi til miðlægrar þjónustu sem heldur saman þekkingu og reynslu við faglega útgáfu fræðitímarita. Er þessum orðum ekki hvað síst beint til háskólanna, Landsbókasafns og menntamálaráðuneytisins. Fyrir liggur árangursríkt danskt fordæmi um slíkt sameiginlegt átak.

Ásta Möller er forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands, sem gefur úti tímaritið Stjórnmál og stjórnsýsla og Haukur Arnþórsson er vefstjóri þess.